

ABC skólinn

undirbúnings- og þjálfunarskóli

ABC barnahjálpar

Námskrá

Haust 2010

Efnisyfirlit

	Bls.
Hugsjón ABC barnahjálpar	2
Markmið skólans	2
Námskrá	
Starfsáætlun	3
Starfsfólk	3
Kennslutilhögun	5
Ástundun	5
Skólalok	5
Námsgreinar og viðfangsefni	6
Þróunarhjálp	6
Framandi lönd og menning	6
Efling samskipta	7
Með bros á vör	7
Kennslufræði	7
Þar sem er enginn læknir	8
Næringar- og sjúkdómafræði	8
Barnasálfræði, umönnun og sálgæsla	8
ABC	9
Kærleikur í verki.....	9
Persónulegur undirbúningur fyrir vettvangsferð.....	10
Verkmennt og hagnýt hjálp.....	10
Helgarferð	10
Vettvangsferð.....	11
Námsmat	11
Ávinningur fyrir nemendur	11

ABC skólinn

Undirbúnings- og þjálfunarskóli

Hugsjón ABC barnahjálpar er að:

- Öll götubörn eignist heimili
- Fátæk börn eigi kost á að ganga í skóla
- Sjúk börn hafi aðgang að læknishjálpi
- Börn í erfiðum aðstæðum eignist von um bjartari framtíð með framhaldsmenntun
- Þurfandi og þjáð börn fái umönnun og umhyggju
- Særð og brotin börn kynnist kærleika Guðs

Markmið skólans er að:

- Þjálf einstaklinga til að ná fram hugsjón ABC barnahjálpar
- Efla lið stuðningsmanna sem getur unnið að fjáröflun og markaðsetningu starfsins og haft umsjón með tilfallandi verkefnum
- Byggja upp þekkingu þeirra og færni til að starfa fyrir þurfandi börn
- Gefa nemendum kost á að kynnast þeim krefjandi aðstæðum sem við blasa í framandi landi
- Hvetja nemendur til að miðla áfram til annarra því sem þeir hafa lært og tileinkað sér, skjólstaðingum ABC í hag
- Finna mögulega framtíðar hjálparstarfsmenn
 - Fólk sem verður fært um að leiða starf ABC úti í heimi, veita götubörnum framtíðarvon með því að gefa þeim heimili og menntun

Námskrá

Starfsáætlun:

Starfstími: Skólastarfið stendur yfir í 10 vikur, frá 6. september – 12. nóvember og fer kennslan fram virka daga frá kl. 9:00 – 12:30. Starfstíminn skiptist í tvær námslotur og eina verklega vinnuviku á miðju tímabili. Farin verður náms- og hópeflisferð út úr bænum á miðjum námstímanum. Eftir að skólanum lýkur verður farin 2ja -3ja vikna vettvangsferð en ekki er skylt að fara í þá ferð. Áætluð skólaslit verða eftir vettvangsferðina.

<i>Fyrri lota (4 vikur):</i>	<i>6. sept. - 1. okt.</i>
<i>Helgarferð:</i>	<i>1. okt. - 3. okt.</i>
<i>Verkleg vinna í þágu starfsins:</i>	<i>4. - 8. okt.</i>
<i>Síðari lota (5 vikur):</i>	<i>11. okt. - 12. nóv.</i>
<i>Útskrift:</i>	<i>12. nóvember</i>
<i>Vettvangsferð (2-3 vikur):</i>	<i>nóv.-des./jan.</i>
<i>Skólaslit:</i>	<i>eftir vettvangsferð</i>

Kennslustaðir: Kirkjur

Skólagjöld: Nemendur greiða kr. 50.000 skólagjöld og borga sjálfir hugsanlegan kostnað við námsgögn og bækur svo og allan kostnað vegna vettvangsferðar sinnar. Innifalið er kostnaður vegna helgarferðar (gisting í tvær nætur og matur). Innritun í ABC skólann staðfestist með 15.000 kr. greiðslu sem er óafturkræf.

Starfsfólk:

Skólastjórn: Í skólastjórn sitja 4 einstaklingar. Skólastjórnin starfar undir hugsjón og stefnu ABC barnahjálpar. Hún sér um undirbúning og setningu skólans og tekur ákvörðun um hvernig megi best ná fram markmiðum skólans, s.s. með vali á viðfangsefni og kennurum. Stjórnin metur árangur af skólastarfinu og ráðfærir sig við ráðgjafa skólans um tillögur til úrbóta og breytinga ef ástæða þykir til. Henni ber að vera vakandi yfir því að skólinn sé ætíð ABC barnahjálpar til sóma og framdráttar.

Í skólastjórn eru:

Anna Grétarsdóttir, tilsjónarmaður með fósturbörnum og fv. nemandi ABC skólans

Bryndís Rut Stefánsdóttir, kennari og stjórnarmaður ABC International.

Guðjón Ingi Guðmundsson, hefur starfað á vegum friðargæslunnar í Afganistan og á Unicef stöð í Súdan og er í varastjórn ABC.

Guðrún Margrét Pálsdóttir, hjúkrunarfræðingur, stofnandi og formaður ABC barnahjálpar.

Ráðgjafar:

Ráðgjafar eru stjórn skólans innan handar um málefni sem tengjast skólanum, koma með faglega ráðgjöf varðandi námstillhögun, viðfangsefni og ýmislegt er tengist vettfangsferð nemenda. Ráðgjafar styðja við starfsemi skólans í samræmi við hugsjón og markmið ABC barnahjálpar og stuðla þannig að því að gera góðan skóla betri.

Ráðgjafar skólans eru:

Gísli Rafn Ólafsson, ráðgjafi hjá Microsoft á sviði náttúruhamfara og stjórnandi íslensku alþjóðabjörgunarsveitarinnar.

Guðfinna S. Bjarnadóttir, doktor í atferlis- og stjórnunarfræðum, fyrrverandi rektor HR og fv. alþingismaður.

Kjartan Jónsson, guðfræðingur og prestur, með mastersgráðu í kristniboðsfræðum og doktorsgráðu í mannfræði. Hann hefur starfað fyrir Kristniboðssambandið í 20 ár, þar af 12 ár í Kenýa og 5 ár fyrir KFUM.

Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla, félagsráðgjafi með mastersgráðu í alþjóðlegum friðarfræðum.

Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Kristniboðssambandsins og ritstjóri Bjarma. Hann hefur starfað sem kristniboði, kennari, skólaprestur og framkvæmdastjóri KFUM og KFUK í Reykjavík. Hann hefur lokið prófi í guðfræði, sagnfræði, norsku og uppeldis- og kennslufræði.

Soffía Sigurgeirsdóttir, með BA í sálfræði og MSc í alþjóðasamskiptum.

Valgerður Sverrisdóttir, fv. alþingismaður og fv. utanríkisráðherra Íslands.

Kennarar og fyrirlesarar:

Kennarar, fyrirlesarar og leiðbeinendur eru hópur fólks sem getur samsinnt sig hugsjón ABC barnahjálpar um að veita götubörnum þriðja heimsins von um bjartari framtíð með alhliða hjálp. Þeir búa yfir þekkingu og reynslu, hver á sínu sviði, sem gagnast nemendum skólans til undirbúnings fyrir hjálparstörf á vettvangi.

Umsjónarmenn: Umsjónarmenn ABC skólans er fólk sem er í gestgjafahlutverki, tekur á móti nemendum og kennurum og er þeim innan handar á skólatíma. Það aðstoðar við ýmislegt sem tengist skólastarfinu s.s að halda utan um mætingalista, undirbúa kennslugögn (s.s. töflu, tölvu, skjávarpa, ljósrit ef þarf og bækur) og hellir upp á kaffi/te.

Kennslutilhögun:

Um er að ræða fullorðinsfræðslu fyrir fólk 18 ára og eldra. Fyrirlestrar, umræður, hópvinna, þjónusta, jafningjafræðsla og vettvangsferð. Reikna má með einstaklings- og hópvinnu utan stundaskrár. Farið verður eina helgi út úr bænum í náms- og hópeflisferð á miðjum námstíma. Eftir helgarferðina verður ein verkleg vika þar sem nemendur taka þátt í verkefnum og fjáröflun ABC barnahjálpar. Lögð verða fyrir verkefni og kannanir á og í lok námstíma.

Ástundun:

Áhersla er lögð á ástundun og skólasókn. Námið er ekki hugsað sem fjarnám og nærvera allra skiptir lykilmáli. Skólastarfið fer fram í skólanum á skólatíma en er ekki rafrænt. Nemendur skulu leitast við að sækja alla tíma samkvæmt stundaskrá. Ákjósanlegt er að nemendur mæti fyrir settan tíma til að valda ekki truflun.

Skólasókn þarf að vera 80% til að nemandi fái viðurkenningu um að hafa lokið námi og að eiga kost á að fara í vettvangsferð.

Skólalok:

Útskrift verður 12. nóvember og eftir vettvangsferð verða formleg skólaslit. Nemendur sem hafa lokið náminu með fullnægjandi skólasókn fá viðurkenningarskjal um að hafa lokið námi í ABC skólanum og fá titilinn **ABC-liðar**.

Á skólaslitunum munu nemendur sem fóru í vettvangsferð standa að sameiginlegri kynningu ferðarinnar þar sem þeir greina frá reynslu sinni og upplifun í máli og myndum.

Námsgreinar og viðfangsefni:

Þróunarhjálp – 28 tímar

Markmið:

Að upplýsa nemendur um

- fátækt og önnur vandamál sem þróunarlönd standa frammi fyrir
- mannréttindi og markmið Sameinuðu þjóðanna til að bæta hag bágstaddra barna
- helstu þróunar- og hjálparstörf Íslendinga
- þætti sem hafa ber í huga þegar hjálp er veitt og unnið að þróunarsamvinnu

Viðfangsefni:

Fátækt - orsakir, afleiðingar og úrræði

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna

Verkefni og þróunarhjálp Sameinuðu þjóðanna og hjálparstofnana á Íslandi

Ýmsar hliðar þróunarhjálp og þróunarsamvinnu

Framandi lönd og menning – 39 tímar

Markmið:

Að nemendur

- skyggnist inn í það framandi mannlíf og verkefni sem blasa við hjálparstarfsfólki á vettvangi
- geri sér grein fyrir helstu vandamálum þriðja heimsins og hvaða úrræði eru til staðar
- þjálfist í að afla upplýsinga um ástand fátækra landa og greina hvar mest er þörf á að hefja hjálparstarf
- geri sér grein fyrir hugsunarhætti, siðum og normum til að brjóta ekki viðteknar venjur né særa eða móðga innfædda þegar á vettvang er komið

Viðfangsefni:

Mannfræði

Lönd í Afríku og Asíu sem ABC starfar í

Hópverkefnið: Ástandsgreining

Úrræði og hagnýt hjálp

Frásagnir fólks er kemur í heimsókn sem hefur búið og unnið við hjálparstörf erlendis

Efling samskipta - 10 tímar

Markmið:

Að nemendur efli samskiptahæfni sína með því að

- skilja ólíkar manngerðir
- skilja sjálfan sig betur
- skilja aðra betur
- auka aðlögunarhæfni sína

Viðfangsefni:

Námskeiðið Efling samskipta

Með bros á vör - 9 tímar

Markmið:

Að nemendur

- læri að setja sér skýr markmið og ná árangri í starfi
- verði hæfari til að standa fyrir fjáröflun til hjálparstarfs

Viðfangsefni:

Kynningar- og sölunámskeiðið Með bros á vör

Kennslufræði - 10 tímar

Markmið:

Að nemendur

- kynnist þeirri kenningu um að allir einstaklingar búi yfir fjölgreindum og þar af leiðandi læra þeir og þroskast með mismunandi hætti
- skilji mikilvægi fjölbreyttra uppeldis- og kennsluhátta
- fái góð ráð um kennsluaðferðir og tækni til að ná árangri í starfi með börnum

Viðfangsefni:

Hinn góði kennari

Fjölgreindarkenning H. Gardners

Söguaðferðin

Hugarkort

Þar sem er enginn læknir – 14 tímar

Markmið:

Að nemendur:

- kunnir skil á helstu þáttum til varðveislu heilsu og lífs
- verði betur undir það búnir að veita hjálp í viðlögum
- geti miðlað þekkingu sem stuðlar að bættri heilsu
- fái kynningu á skyndihjálp

Viðfangsefni:

Heilbrigðisfræði á einangruðum stöðum þar sem samfélög búa við frumstæðar aðstæður. Grunnatriði í skyndihjálp.

Næringar- og sjúkdómafræði – 20 tímar

Markmið:

Að nemendur

- þekki fæðuhringinn
- fái grunnþekkingu í næringarfræði og þekki undirstöður hollrar fæðu
- geti leiðbeint og upplýst skjólstæðinga sína um heilbriggt fæðuval
- kunnir að bregðast við vannæringu barna
- fræðist um helstu sjúkdóma þriðja heimsins
- öðlist kunnáttu til að verjast og bregðast við þeim sjúkdómum

Viðfangsefni:

Nauðsynleg næringarefni fyrir heilbrigðan líkama
Næringarskortur og afleiðingar hans
Helstu fæðutegundir þriðja heimsins
Helstu sjúkdómar þriðja heimsins
Vannæring og iðraormar
Sjúkdómavarnir og önnur ráð

Barnasálfræði, umönnun og sálgæsla – 20 tímar

Markmið:

Að nemendur

- þekki atriði sem skipta máli hvað varðar andlegt og líkamlegt heilbrigði barna
- geri sér grein fyrir hugsanlegu sálartjóni sem börn hafa orðið fyrir, s.s. vegna ofbeldis, misnotkunar, eineltis, vanrækslu og illrar meðferðar
- átti sig á hugsanlegri hegðun barna sem hafa fengið illa meðferð og læri að koma fram við þau á viðeigandi hátt

Viðfangsefni:

Barnasálfræði
Barnasálgæsla
Barnaumönnun

ABC – 10 tímar**Markmið:**

Að nemendur

- kynnist hugsjón og sögu ABC
- fái innsýn í starf ABC barnahjálpar
- tileinki sér starfsreglur ABC
- verði hæfir erindrekar ABC

Viðfangsefni:

Hugsjón, saga og verkefni ABC barnahjálpar
Kristið siðgæði
Verklags- og siðareglur ABC

Kærleikur í verki – 9 tímar**Markmið:**

Að nemendur

- kynnist einstaklingum sem hafa markað spor í hjálparstarfi fyrr og síðar
- skoði hvers konar fólk þetta er/var og hvað varð til þess að það náði slíkum árangri
- greini æskilega karakterþætti og umhyggju fyrir öðrum sem þarf að vera til staðar í hjálparstarfi til að það verði árangursríkt

Viðfangsefni:

Nokkrar heimspektar persónur sem hafa skarað fram úr í hjálparstarfi, áður fyrr og á okkar dögum. Hvernig kærleikurinn (agape) mótar karakter og líf fólks.

Persónulegur undirbúningur fyrir vettvangsferð – 11 tímar**Markmið:**

Að nemendur

- fái þekkingu á nauðsynlegum undirbúningi fyrir vettvangsferð
- verði meðvitaðir um mikilvæg öryggisatriði til að forðast háska á vettvangi
- virði og tileinki sér verklags- og siðareglur ABC á vettvangi

Viðfangsefni:

Ferða- og kostnaðaráætlun
Bólusetningar og tryggingar
Vegabréfsáritanir
Farseðlar og gjaldeyrir
Öryggismál og varnir - sjúkdómar, sól og hiti, skordýr, spilling, glæpir o.s.frv.
Samskiptamál
Hugarfar og viðhorf

Verkmennt og hagnýt hjálp - 6 tímar**Markmið:**

Að nemendur fái

- innsýn í verklega þætti sem geta komið að gagni við uppbyggingu og rekstur hjálparstarfs
- hugmyndir og þekkingu sem hægt er að miðla á vettvangi til að bæta lífskjör

Viðfangsefni:

Grunnþekking/innsýn í nokkur hagnýt mál, svo sem:

vatnsmál
brunnar
klósett- og rotþróagerð
orkuframleiðslu
ræktun matjurta og húsdýra til manneldis
umhverfisvernd og trjárækt

Helgarferð - 15 tímar

Ferðin er í senn náms- og hópeflisferð þar sem nemendum gefst kostur á að kynnast betur í leik, starfi og hvíld og að efla samskiptin með tillitsemi og þjónustulund. Farið verður yfir hluta námsefnisins á helginni og verklega vikan kynnt. Viðvera/þátttaka reiknast með í tímasókn nemenda. Gönguferð og kvöldvaka verður á laugardegi.

Vettvangsferð - námsferð - 2 vikur

Markmið:

Að nemendur kynnist af eigin raun

- kjörum fátækra í þriðja heims ríki
- starfi ABC í þágu bágstaddra barna

Verkefni:

Tveggja vikna vettvangsferð til Kenýa og/eða Úganda:

- ferðir í fátækrahverfi Nairóbí til að kynnast kjörum fátækra og að heimsækja styrktarbörn og fjölskyldur þeirra
- þátttaka í starfi ABC í Afríku

Námsmat:

Í námsferlinu öllu er lögð rík áhersla á að nemendur taki virkan þátt í náminu og leitist við að tileinka sér námsefnið eftir föngum. **Fullnægjandi skólasókn er skilyrði þess að nemandi ljúki námi og fari í vettvangsferð.** Lögð verða fyrir krossapróf úr völdum viðfangsefnum í lok námstímans til að skerpa á þekkingu nemenda og kanna hversu vel þeir hafa tileinkað sér námsefnið. Útkoma úr þeim hefur þó ekki áhrif á útskrift. Sömuleiðis verða lögð fyrir einstaklings- og hópverkefni í einstaka fögum.

Ætlast er til að nemendur sýni fúsleika og góða þjónustulund í samstarfi, komi fram af heiðarleika og trúmennsku og virði stjórn þess sem fer fyrir í hverju verki.

Ávinningur fyrir nemendur:

Þótt nemandi hafi lokið námi í ABC skólanum er það ekki ávísun á starf hjá ABC barnahjálpi. ABC barnahjálpi mun vissulega líta til þess hóps sem hefur setið skólann þegar nýr starfsmaður er valinn, sérstaklega hvað varðar starfsmenn og sjálfboðaliða á erlendri grundu. Getur þátttaka og árangur úr skólanum verið leiðbeinandi um val á fólki til að fara til starfa á vegum ABC. Einnig má ætla að námið geti greitt götuna fyrir nemendur á öðrum vettvangi. Útskrifuðum nemendum verður boðið að gerast meðlimir í Félagi ABC liða sem vinnur að ýmsum verkefnum til styrktar ABC barnahjálpi.